

Mál nr. 182/2019**V v/ ábyrgðartryggingar verkpallaleigu (B) og
uppsetningaraðila verkpalla (D).****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á húseign af völdum foks frá verkpöllum.****Gögn.**

Málskot, móttækið 20.05.2019, ásamt fylgiskjölum 1-6.

Bréf V, dags. 29.05.2019, ásamt fylgiskjölum 1-10.

Málsatvik.

Með verksamningi við húsfélagið A í Reykjavík tók M að sér m.a. skipti á þakklæðningu hússins, gerð þakkants og þakrennu. Í tengslum við verkið voru verkpallar, ásamt uppsetningu, niðurrifi og flutningi samkvæmt tilboði, teknir á leigu hjá verkpallaleigunni B. Í gögnum málsins kemur fram að fyrirtækið D hafi sem undirverktaki hjá B séð um uppsetningu verkpallanna við A.

Að kvöldi 28. nóvember 2018 var lögreglu tilkynnt að verkpallar væru að fjúka við A. Kveður M að göngupallar úr verkpöllum hafi valdið tjóni á nýrri þakklæðningu og þakrennu hússins.

M kveður að tjónið sem varð á þakklæðningunni megi rekja til ófullnægjandi frágangs við uppsetningu verkpallanna og hefur krafist þess að V, sem ábyrgðartryggjandi B og D, bæti tjónið.

Þá hefur M lagt fyrir nefndina yfirlýsingu A þess efnis að það haldi eftir hluta greiðslu í því skyni að tryggja að verki verði lokið í samræmi við samning, A að skaðlausu.

Fyrir nefndinni hafnar V bótaskyldu, m.a. með þeim rökum að M sé ekki eigandi þeirra muna sem skemmdust og þar af leiðandi ekki tjónþoli. Breyti engu þar um að A haldi eftir greiðslum vegna umrædds verks, enda sé þar um að ræða ágreining um efndir innan samninga.

Álit.

Eins og að ofan greinir hafði M tekið að sér samkvæmt verksamningi við húsfélagið að A að skipta m.a. um þakkantinn sem varð fyrir foktjóninu. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M sé meðal eigenda A eða þakkantsins sem varð fyrir skemmdunum, en ekki hefur verið sýnt fram á endanlegt tjón vegna þeirra. Verður því að líta svo á að það sé A en ekki M sem er tjónþoli og breytir engu í þeim efnum þó greiðslu hafi verið haldið eftir eða lokaúttekt verksins tafist. Þá hefur M ekki sýnt fram á að það leiði kröfu sína frá A eða hafi fengið hana framselda frá því.

Rétt er að taka fram að sami ágreiningur var lagður fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum með málskoti í máli nr. 59/2019. Á grundvelli e- liðar 4. gr., sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, vísaði nefndin málinu frá, þar eð málið væri vanreifað að því er varðaði grundvöll þeirrar skaðabótakröfu sem M teldi sig eiga á hendur B og D. Með hliðsjón af ofangreindu er óhjákvæmilegt að vísa málinu frá að nýju af sömu ástæðum. Rétt er árétt að mál sem vísað er frá á þessari forsendu skal, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, taka aftur til meðferðar hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 25. júní 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.